



Goðheimar

Starfsáætlun 2025-2026



Vinátta, virðing, sjálfbærni



Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Efnisyfirlit..... | 1 |
| Um skólann..... | 2 |
| Samantekt frá leikskólastjóra..... | 2 |
| Öryggismál..... | 3 |
| Faglegar áherslur - stefna skólans..... | 4 |
| Foreldrasamstarf | 4 |
| Foreldrafélag | 4 |
| Foreldraráð..... | 5 |
| Samstarf við grenndarsamfélag | 5 |
| Helstu verkefni 2025-2026 | 5 |

Leikskólinn Goðheimar

Engjalandi 21

800 Selfoss

Sími: 480-6300, 480-6301 og 480-6302

Netfang: godheimar@arborg.is

Heimasíða: <https://godheimar.arborg.is>

Um skólann

Leikskólinn Goðheimar er sex deilda leikskóli og stendur við Engjaland 21, á Selfossi.

Leikskólinn tók til starfa 6. apríl 2021. Skólaárið 2025 - 2026 verða um 120 börn við nám í skólanum. Á vorönn 2025 útskrifuðust 40 nemendur frá skólanum.

Hér fyrir neðan er skólaladagatal fyrir skólaárið 2025-2026.

Samband íslenskra
veitarfélaga

Leikskólaladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla: **Goðheimar**

| AGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANUAR | FEBRUAR | MARS | APRÍL | MAÍ | JÚNÍ | JÚLÍ |
|-----------------|-----------|---------|----------|----------|--------|---------|------|-------|------|------|------|
| 1 F Sumarskipti | 1 M | 1 M | 1 L | 1 M | 1 F | 1 S | 1 S | 1 M | 1 F | 1 M | 1 M |
| 2 L | 2 Þ | 2 F | 2 S | 2 Þ | 2 F | 2 M | 2 M | 2 F | 2 L | 2 Þ | 2 F |
| 3 S | 3 M | 3 F | 3 M | 3 M | 3 L | 3 Þ | 3 Þ | 3 F | 3 S | 3 M | 3 F |
| 4 M | 4 F | 4 L | 4 D | 4 F | 4 S | 4 M | 4 M | 4 L | 4 M | 4 F | 4 L |
| 5 Þ | 5 F | 5 S | 5 M | 5 F | 5 M | 5 F | 5 F | 5 S | 5 Þ | 5 F | 5 S |
| 6 M | 6 L | 6 M | 6 F | 6 L | 6 Þ | 6 F | 6 F | 6 M | 6 M | 6 L | 6 M |
| 7 F | 7 S | 7 Þ | 7 F | 7 S | 7 M | 7 L | 7 L | 7 Þ | 7 F | 7 S | 7 Þ |
| 8 F | 8 M | 8 M | 8 L | 8 M | 8 F | 8 S | 8 S | 8 M | 8 F | 8 M | 8 M |
| 9 L | 9 Þ | 9 F | 9 S | 9 Þ | 9 F | 9 M | 9 M | 9 F | 9 L | 9 Þ | 9 F |
| 10 S | 10 M | 10 F | 10 M | 10 M | 10 L | 10 Þ | 10 Þ | 10 F | 10 S | 10 M | 10 F |
| 11 M | 11 F | 11 L | 11 Þ | 11 F | 11 S | 11 M | 11 M | 11 L | 11 M | 11 F | 11 L |
| 12 Þ | 12 F | 12 S | 12 M | 12 F | 12 M | 12 F | 12 F | 12 Þ | 12 Þ | 12 F | 12 S |
| 13 M | 13 L | 13 M | 13 F | 13 L | 13 Þ | 13 F | 13 F | 13 M | 13 M | 13 L | 13 M |
| 14 F | 14 S | 14 Þ | 14 F | 14 S | 14 M | 14 L | 14 L | 14 Þ | 14 F | 14 S | 14 Þ |
| 15 F | 15 M | 15 M | 15 L | 15 M | 15 F | 15 S | 15 S | 15 M | 15 F | 15 M | 15 M |
| 16 L | 16 Þ | 16 F | 16 S | 16 Þ | 16 F | 16 M | 16 M | 16 F | 16 L | 16 Þ | 16 F |
| 17 S | 17 M | 17 F | 17 M | 17 F | 17 L | 17 Þ | 17 Þ | 17 F | 17 S | 17 M | 17 F |
| 18 M | 18 F | 18 L | 18 Þ | 18 F | 18 S | 18 M | 18 M | 18 L | 18 M | 18 F | 18 L |
| 19 Þ | 19 F | 19 S | 19 M | 19 F | 19 M | 19 F | 19 F | 19 S | 19 Þ | 19 F | 19 S |
| 20 M | 20 L | 20 M | 20 F | 20 L | 20 Þ | 20 F | 20 F | 20 M | 20 M | 20 L | 20 M |
| 21 F | 21 S | 21 Þ | 21 F | 21 S | 21 M | 21 L | 21 L | 21 Þ | 21 F | 21 S | 21 Þ |
| 22 F | 22 M | 22 F | 22 M | 22 F | 22 M | 22 S | 22 S | 22 M | 22 F | 22 M | 22 M |
| 23 L | 23 Þ | 23 F | 23 S | 23 Þ | 23 F | 23 M | 23 M | 23 F | 23 L | 23 Þ | 23 F |
| 24 S | 24 M | 24 F | 24 M | 24 F | 24 L | 24 Þ | 24 Þ | 24 F | 24 S | 24 M | 24 F |
| 25 M | 25 F | 25 L | 25 M | 25 F | 25 S | 25 M | 25 M | 25 L | 25 M | 25 F | 25 L |
| 26 Þ | 26 F | 26 S | 26 M | 26 F | 26 M | 26 F | 26 F | 26 S | 26 Þ | 26 F | 26 S |
| 27 M | 27 L | 27 M | 27 F | 27 L | 27 Þ | 27 F | 27 F | 27 M | 27 M | 27 L | 27 M |
| 28 F | 28 Þ | 28 F | 28 M | 28 F | 28 S | 28 M | 28 L | 28 Þ | 28 F | 28 S | 28 Þ |
| 29 F | 29 M | 29 M | 29 L | 29 M | 29 F | 29 M | 29 S | 29 M | 29 F | 29 M | 29 M |
| 30 L | 30 Þ | 30 F | 30 S | 30 Þ | 30 F | 30 M | 30 M | 30 F | 30 L | 30 Þ | 30 F |
| 31 S | 31 F | 31 F | 31 M | 31 L | 31 L | 31 M | 31 M | 31 F | 31 S | 31 Þ | 31 F |

Samantekt frá leikskólalastjóra

Leikskólinn Goðheimar varð fjögurra ára í apríl síðastliðnum. Á þessum rúmlega fjórum árum sem leikskólinn hefur starfað hafa skapast hefðir og venjur sem einkenna skólalastarfið. Einnig hefur myndast festa í starfsmannahópnum sem gerir það að verkum að stefna skólans og þróun skólalastarfs er í stöðugum og jöfnum vexti.

Stjórnendur lögðu áherslu á að efla deildarstjóra í stjórnendastarfi. Anna Valgerður Sigurðardóttir frá mannauðsdeild Árborgar aðstoðaði stjórnendur og deildarstjóra í þeirri vinnu. Stjórnendateymi og deildarteymi gerðu meðal annars með sér teymissáttmála sem allir innan teymanna komu að. Deildarstjórar sátu námskeið hjá Eyþóri Eðvarssyni, MA í vinnusálfræði sem að þeirra sögn nýtist þeim vel í stjórnun mannauðs á deildum. Í starfsviðtölum kom fram ánægja með sáttmálann og upplifir fólk betri samskipti og öryggi innan teymanna. Haldið verður áfram að vinna með teymissáttmála á komandi skólaári.

Vinna að skólanámsskrá Goðheima hófst á haustönn 2024 með þátttöku allra innan skólans. Leitast er við að hafa námskrána í sama formi og Menntastefnu Árborgar. Áframhaldandi vinna við skólanámsskrá verður haldið áfram á næsta skólaári og er stefnt að því að hún verði gefin út á vorönn 2026.

Vert er að nefna að starfsumhverfi og starfsánægja innan skólans hefur aukist með innleiðingu á [tilraunaverkefni Árborgar](#). Almenn ánægja er með það að tilraunaverkefnið sé komið til að vera.

Kennimerki skólans var afhjúpað á útskrift elstu barna skólans. Starfsmenn skólans komu að hönnun kennimerkis og var það foreldri sem útfærði hugmyndina endanlega. Merkið má sjá á forsíðu skýrslunnar.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku við störfum sínum haustið 2024 og hefur veturinn verið bæði lærdómsríkur og skemmtilegur. Skólastjórnendur taka fagnandi á móti nýju skólaári með vellíðan barna, foreldra og starfsfólks að leiðarljósi.

Öryggismál

Kerfisbundið vinnuverndarstarf fer fram í Goðheimum. Starfandi er öryggisráð, í því er einn öryggistrúnaðarmaður, einn öryggisvörður ásamt leikskólastjóra. Öryggisráð vinnur að gerð áhættumats og áætlunar um heilsuvernd og forvarnir, sem og úrbótaáætlanir.

Elstu börn leikskólans fara í Umferðarskólann, sem er á vegum Samgöngustofu. Leikskólinn sér sjálfur um kennsluna og nota til þess leiðbeiningar frá Samgöngustofu.

Ýmsar áætlanir er varða neyðarráðstafanir og forvarnir eru virkar og eru kynntar starfsfólki.

Þar má nefna:

- Áfalla- og slysaáætlun
- Rýmingaráætlun vegna eldsvoða
- Jarðskjálftaáætlun
- Stefna gegn einelti og áreiti á vinnustöðum (EKKO-stefna)

Faglegar áherslur - stefna skólans

Markmið leikskólans Goðheima eru að stuðla að velferð og vellíðan nemenda, foreldra og starfsmanna í samvinnu við mannlíf, náttúru og umhverfi leikskólans. Einkunnarorð skólans eru *Vinátta, Virðing, Sjálfbærni*. Með þátttöku í [Grænfánaverkefninu](#), [Heilsueflandi leikskóla](#) á vegum Landlækniseimbættisins og í samstarfi við [Hugarfrelsi](#) og með mennta- og

læsisstefnu Árborgar að leiðarljósi munu einkunnarorð skólans lita skólastarf, skólamenningu og farsæld barna leikskólans Goðheima.

Á komandi skólaári verður áhersla lögð á að vinna enn frekar að farsæld barna með [Aðalnámskrá leikskóla](#), [menntastefnu Árborgar](#) og kennsluaðferðum [Hugarfrelsis](#) að leiðarljósi. Áhersla verður á frjálsan leik barna og leikjaskráningar. Þegar starfsfólk leikskóla metur leik, nám og vellíðan barna með slíkum aðferðum fylgist það með leikum og lærir af því sem fram fer. Starfsfólk getur nýtt skráninguna til að læra um börnin, áhuga þeirra og styrkleika og tileinkað sér þannig jákvæða sýn á börnin og byggt þar ofan á.

Samstarf elstu barna Goðheima við hjúkrunarheimilið Móberg verður haldið áfram ásamt þátttöku í verkefninu *Gullin í grenndinni*, sem unnið er í samvinnu við nemendur í Sunnulækjarskóla.

Goðheimar flögguðu Grænfánanum í annað sinn á sumarhátíð skólans í júní. Menntun nemenda til sjálfbærni verður viðhaldið á næsta skólaári með áherslu á tengingu og þekkingu á nærsamfélaginu. Hugmyndafræði Hugarfrelsis mun lita allt skólastarf bæði hvað varðar börn og starfsfólk. Áfram verður haldið að stuðla að betri heilsu og vellíðan barna og starfsfólks í leikskólanum með nálgun Heilsueflandi leikskóla sem er á vegum Landlæknisembættisins. En í því felst að skapa aðstæður og umhverfi þar sem öllum líður vel og fá tækifæri til að blómstra í leik og starfi.

Með nýrri skólanámskrá Goðheima verða faglegar áherslur og stefna skólans römmuð inn sem gerir hana aðgengilegri fyrir starfsfólk, foreldra og aðra áhugasama.

Foreldrasamstarf

Markmið foreldrasamstarfsins er að eiga traust og opin samskipti við alla foreldra. Að foreldrar upplifi að þeir séu velkomnir með börnin sín í leikskólann og fái upplýsingar um þroska og stöðu barnsins. Foreldrar þurfa að geta treyst á að hlustað sé á þá og trúnaðar gætt varðandi málefni barnsins í leikskólanum. Dagleg samskipti við foreldra þegar komið er með barnið og það sótt eru dýrmæt í starfi skólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag Goðheima var stofnað á vorönn 2022. Foreldraráð skólans sá um stofnun þess með skólastjórnendum. Fyrsti aðalfundur félagsins var haldin 7. september 2022. Aðalfundur 2025 verður haldinn 24. september.

Markmið foreldrafélagsins (frá stofnfundi í byrjun árs 2022) er að:

- góð tengsl náist á milli foreldra og starfsfólk leikskólans
- hafa áhrif á umhverfi og aðbúnað Goðheima
- félagið sé öflugur stuðningshópur leikskólans út á við
- vera til stuðnings og gæta hagsmuna barna og forráðamanna þeirra
- vera forsprakkar að ýmsum skemmtilegum uppákomum í samvinnu við starfsfólkið

Foreldraráð

Foreldraráð er lögboðin vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á framfæri við skólastjórnendur varðandi innihald, áherslur og skipulag skólastarfsins. Foreldraráð kemur að málefnum leikskólans og hefur starfsáætlun, skólanámskrá og annað sem kemur að skólastarfinu til umsagnar. Á fundi foreldraráðs eru starfsreglur foreldraráðs samþykktar.

Foreldraráð skólans hefur sett sér starfsáætlun til að vinna eftir. Skólastjórnendur funda með foreldraráði reglulega yfir skólaárið.

Samstarf við grenndarsamfélag

Leikskólinn er í samstarfi við Fjölskyldusvið og Skólaþjónustu Árborgar hvað varðar ráðgjöf, lausnaleit, fræðslu og námskeið.

Leikskólinn hefur verið í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands með verkefninu *Bara tala* sem er íslensku námskeið fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.

Gott samstarf er á milli leik- og grunnskóla í Árborg. Samstarf grunnskóla og frístundar á Selfossi er í formi skipulagðra skólaheimsókna útskriftarhóps barna í Goðheimum. Nemendur frá Sunnulækjarskóla hafa komið í skólann á *Degi íslenskar tungu* og lesið fyrir börnin. Í vetur hefur ein deild leikskólans tekið þátt í *Gullin í grenndinni* með nemendum frá Sunnulækjarskóla.

Elstu börn leikskólans fara tvisvar í mánuði í heimsókn á hjúkrunarheimilið Móberg og dvelja þar í u.þ.b. 1. klukkustund í senn.

Skólinn tók þátt í þróunarverkefninu *Burtu með fordóma* með leik- og grunnskólum Árborgar.

Samfélagslöggæslan á Suðurlandi og Lúlli löggubangsi voru með umferðarfræðslu fyrir nemendur.

Helstu verkefni 2025-2026

Eitt helsta markmið skólans er að stuðla að velferð og vellíðan nemenda. Einblínt verður á styrkleika hvers nemanda og unnið út frá þeim. Í Goðheimum eru margir nemendur með fjölmennningarlegan bakgrunn og í mörgum tilfellum tala báðir foreldrar annað tungumál en íslensku. Unnið er samkvæmt [fjölmenningaráætlun](#) og stefnu sveitarfélagsins í þágu barna af erlendum uppruna.

Til að stuðla að góðu lærdómssamfélagi í Goðheimum verður lögð áhersla á að setja fram skýra sýn og markmið. Vinnu við skólanámskrá Goðheima verður haldið áfram með það að leiðarljósi að allir kennarar og starfsmenn skólans taki þátt í gerð hennar. Þannig öðlist allir innan skólans sameiginlega sýn og stefna að sömu markmiðum sem leiðir til þess að skýrt samband sé á milli markmiða og stefnu skólans.

Eitt af verkefnum síðasta skólaár var að efla og styrkja stjórnendateymi Goðheima. Í stjórnendateymi sitja skólastjórnendur, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Teymið hefur í samstarfi við Mannauðsdeild gert með sér teymissáttmála. Deildarstjórar hafa einnig styrkt sín teymi með teymissáttmála. Mikil ánægja er innan skólans með þessa vinnu og verður henni haldið áfram á næsta skólaári.

Kennarar og starfsfólk hafa í sameiningu unnið að starfsáætlun og verður því haldið áfram. Deildarstjórar fara reglulega yfir starfsáætlun með starfsfólki deilda. Þar gefst tækifæri til

Þess að starfsfólk geti unnið út frá styrkleikum, áhuga og þekkingu. Mikilvægt er að allir innan starfsmannahópsins fái að tækifæri til að láta hæfileika sína blómstra í starfi. Deildarstjórar hafa kannað áhugasvið starfsmanna innan deildanna og munu fela þeim verkefni sem snýr að þeirra áhugasviði og nýtist í starfi með börnum. Til að bæta samskipti og skilning á vinnustaðnum er mikilvægt að taka vel á móti nýliðum og hlúa hvert að öðru.

Skólinn er með starfandi sérkennslustjóra sem heldur utan um alla sérkennslu. Þegar á þarf eru teymi mynduð utan um þá einstaklinga sem þurfa á sértækri námsaðstoð að halda.

Starfsmannahópur skólans hefur unnið vel saman ásamt foreldrum og nemendum. Markmiðið er að hjarta skólans slái í jöfnum takti með vellíðan og farsæld barna, foreldra og starfsfólks að leiðarljósi.

Greinargerð foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans hefur farið yfir og rætt um starfsáætlun leikskólans 2025-2026 og samþykkt án athugasemda. Gerðar voru lítilvægar breytingar á texta við yfirferð. Við erum ánægðar með það góða starf sem á sér stað í leikskólanum og þær stefnur og hugmyndafræði sem unnið er með, og tökum undir með skólastjórnendum að festa sé komin í skólastarfið.

Fyrir hönd foreldraráðs,

